



VEL3A05

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Guðný María Jónsdóttir

Netfang/netföng:

gudny.jonsdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í sviðsetningu, sviðsleik og þjálfun í verkefnastjórnun. Nemendur takast á við ýmis leikhlutverk, jafnframt því að bregða sér í hlutverk leikstjóra og listrænna stjórnenda. Nemendur leika og sviðsetja stutt atriði og gera tilraunir með umgjörð, svo sem lýsingu, tónmynd, liti, form og leikstíla. Lögð er áhersla greiningu, tilraunastarfsemi og samvinnu. Nemendur læra um og æfa undirbúningsferli í samsræmi við inntökukröfur á sviðslistabrautir Listaháskóla Íslands eða/ sambærilega skóla.

Þekking, leikni, hæfni:

Að nemendur geti sviðsett texta með tilliti til mismunandi leikstíla. Að nemendur kunni leiðir við hönnun listrænnar umgjörðar. Að nemendur þekki leiðir til að skipuleggja ferli við sviðsetningu, geti leikstýrt leikstýrt eigin hugmyndum og annarra. Nemendur þjálfist frekar í samvinnu og eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum, þekki leiðir til uppbyggilegrar gagnrýni og þjálfist í samvinnu. Að nemendur kunni að undirbúa sig fyrir inntökupróf í sviðslistum á háskólastigi.

Námsmat:

Símat er í áfanganum og sérstaklega er horft til þátttöku og virkni nemenda í tímum

Verkefni 1 – 10 %

Verkefni 2 – 10 %

Verkefni 3 – 10 %

Verkefni 4 - Uppsetningin mín - 10 %

Verkefni A - inntökupróf - 20 %

Verkefni B - inntökupróf - 20%

Þátttaka og virkni – 20 %

Námsgögn:

Námsgögn verða á INNU og á ljósritum hjá kennara. Enginn bókakostnaður er í áfanganum en nemendur festa kaup á leikhúskorti eða miðum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Farið verður í leikhús á kvöldin. Úrvinnsla úr þeim ferðum fer fram í tímum.

Nemendur þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum til að útskrifast úr áfanganum. Þetta þýðir að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum í áfanganum og fá lægst 5 að meðaltali.

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Áfangi kynntur Kynning á verkefni A og B Vettvangsferð á föstudegi	
35	28.ágúst -1. sept.	Kynninga á verkefni 1 - Æfingar á verkefni 1	
36	4.-8. sept.	Æfingar og sýning á verkefni	
37	11.-15. sept.	Sýning á verkefni 1 Nemendur klára að velja eintöl fyrir lokaverkefni Innlögn á verkefni 2	
38	18.-22. sept.	Æfingar á verkefni 2 Unnið með eintöl	
39	25.-29. sept.	Æfingar á verkefni 2 Unnið með eintöl	
40	2.-6. okt.	Skila á verkefni 2 – 10 %	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Innlögn á verkefni 3 Unnið með eintöl	
42	16.-20. okt	Skil á verkefni A (inntökupróf) - 20%	
43	23.-25. okt.	Æfingar á verkefni 3	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Æfingar á verkefni 3	
45	6.-10. nóv.	Sviðsetning á verkefni 3 – 10%	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Vinna við verkefni B Innlögn á verkefni 4	
47	20.-24. nóv.	Vinna við verkefni B	
48	27. nóv. - 1. des.	Skil á Verkefni B (innrökupróf) - 20%	
49	4.-8. des	Skil á verkefni 4 – 10%	
50	11.-13. des	Óhefðbundin dagskrá	<i>Síðasti kennsludagur</i>

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.